

## Úrskurðarnefnd bílgreina

Úrskurður kveðinn upp 29. apríl 2022 í máli nr. 4/2021.

Úrskurðarnefndina í málinu skipa Linda Ramdani, Skúli K. Skúlason og Jóhann Fannar Guðjónsson.

### I.

#### Aðild og kröfugerð

Þann 24. október 2021 barst Úrskurðarnefnd bílgreina beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá [REDACTED], hér eftir nefndur sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið [REDACTED], hér eftir nefnt varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á reikningi varnaraðila nr. 98422, að fjárhæð 135.938 krónur og að varnaraðila verði gert að standa straum af kostnaði við að endurnýja langboga.

Varnaraðili hafnar kröfu um endurgreiðslu á reikningi nr. 98422 og því að standa straum af öðrum kostnaði við langboga en þeim sem lýtur að efniskaupum.

### II.

#### Málsmeðferð Úrskurðarnefndar bílgreina

Kvörtun sóknaraðila barst nefndinni hinn 24. október 2021. Kvörtun ásamt öðrum gögnum sóknaraðila voru send varnaraðila 2. nóvember 2021 og kostur veittur á andsvörum sem bárust nefndinni 15. nóvember 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Auk fyrirbyggjandi kvörtunar sóknaraðila og andsvara varnaraðila eru gögn málsins tölvupóstsamskipti aðila í milli, reikningar varnaraðila, ljósmyndir og ábyrgðarskilmálar.

Þann 30. janúar 2022 voru málsaðilar upplýstir um að gagnaöflun væri lokið og að nefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III.

#### Helstu málavextir og sjónarmið málsaðila

Í kvörtun sóknaraðila til Úrskurðarnefndar bílgreina lýsir sóknaraðili atvikum þannig að hann hafi keypt bifreiðina [REDACTED] af varnaraðila 7. júlí 2017. Í júlí 2021 fyllti sóknaraðili eldsneytistank bifreiðarinnar, en eldsneytismælir í mælaborði bifreiðar sýndi eftir það  $\frac{3}{4}$  í stað þess að fullur væri. Síðar sama dag drap vél bifreiðarinnar á sér, en eldsneytismælir sýndi þá  $\frac{1}{2}$  tank.

Bifreiðin var færð á verkstæði varnaraðila til bilanagreiningar og viðgerðar. Niðurstaða bilanagreiningar var að mótstaða í eldsneytistanki, sem mælir yfirborðshæð eldsneytis, gaf ranga mælingu. Skipta þurfti um mótstöðu og var kostnaður vegna þessa 190.000 krónur. Varnaraðili lækkaði hins vegar kröfu sína og gerði sóknaraðila reikning nr. 98422, að fjárhæð 135.938 krónur, vegna verksins sem sóknaraðili

greiddi. Bifreiðin var um fjögurra ára gömul þegar viðgerð var framkvæmd og ekin um 65.000 kílómetra.

Í kjölfar uppgjörs fékk sóknaraðili að skoða mótstöðuna sem skipt hafði verið um. Kom þá á daginn að í hana vantaði annan tveggja málmarma. Þann 16. júlí 2021 sendi sóknaraðili tölvupóst á yfirmenn varnaraðila og fór þess á leit að varnaraðili myndi beri að fullu viðgerðarkostnað vegna skipta á mótstöðu í tank þar sem um galla væri að ræða, enda ekkert við notkun eða umhirðu sem gæti valdið fyrrgreindri bilun. Erindinu var ekki svarað og ítrekaði sóknaraðili beiðni sína með tölvupóstum 16. ágúst 2021 og 13. september 2021.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið símtal frá eiganda varnaraðila sem kvað ábyrgð bifreiðarinnar takmarkast við þrjú ár. Í samtalinu hafi verið rætt um um tæringu á langbogum sem leitt hafi til þess að varnaraðili bauð 50.000 króna afslátt á viðgerð á langbogum, en hafnaði fullri kostnaðarþátttöku. Sóknaraðili sætti sig ekki við það boð.

Sóknaraðili kveður langbogana hafa verið staðalbúnað á bifreiðinni, þeir hafi aldrei verið notaðir til að festa hluti á bílinn. Skemmdir séu á öllum samskeytum langbogana og komi innan frá, en líklega sé þar tæringu um að kenna.

Sóknaraðili telur að framangreindir annmarkar á mótstöðu og langboga feli í sér galla og vísar hann í því sambandi til 27. gr. neytendakaupalaga, nr. 48/2003.

Í andsvari varnaraðila kemur fram að varnaraðili telji sig hafa sýnt sóknaraðila sanngirni. Ábyrgð vegna galla sé tvö ár samkvæmt neytendakaupalögum, en framleiðandi bifreiðarinnar hafi boðið eins árs viðbótarábyrgð sem runnið hafi út 20. júní 2020. Fimm ára kvörtunarfræstur 27. gr. neytendakaupalaga, nr. 48/2003 eigi ekki við í málinu. Varnaraðili sé reiðubúinn til þess að láta sóknaraðila í té langboga án greiðslu, en komi ekki að kostnaði við ísetningu.

#### IV.

#### Niðurstaða

Úrskurðarnefnd bílgreina starfar á grundvelli samkomulags milli Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda og hefur nefndin hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt 8. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, nr. 81/2019.

Um réttarsamband aðila fer eftir lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort bilun í mótstöðu í eldsneytistanki og tæring í langbogum, í bifreið sem sóknaraðili keypti af varnaraðila 7. júlí 2017, feli í sér galla í skilningi 15. og 16. gr. laganna og hvort fræstur sóknaraðila til að bera fyrir sig galla hafi verið liðinn þegar hann bar ætlaða galla fyrir sig.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru svohljóðandi:

**15. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að

Því er varðar endingu og annað;

c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;

f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;

g. vera laus við réttindi þriðja manns, t.d. eignarrétt eða veðrétt. Söluhluturinn skal einnig vera laus við kröfur þriðja manns um réttindi í hlutnum, enda þótt þeim sé mótmælt, nema kröfurnar séu augljóslega órökstuddar.

#### 16. gr. Gallar.

Söluhlutur telst vera gallaður ef:

a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.

Þá hljóðar ákvæði 2. mgr. 27. gr. svo:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Samkvæmt gögnum málsins fannst sú málmstöng sem vantaði í mótstöðu ekki í eldsneytistanki bifreiðarinnar. Þá verður ekki séð að notkun eða umhirða geti skýrt að stöngina hafi vantað, enda í lokuðu rými sem ekki er aðgengilegt notanda bifreiðar. Þá virðist ágreiningslaust að engin ákoma hafi orðið á tank. Þannig bendir ekkert til annars en að viðkomandi stöng hafi ekki verið til staðar þegar sóknaraðili keypti bifreiðina. Mat Úrskurðarnefndar er að í þessu felist galli skv. b- lið 2. mgr. 15. gr. neytendakaupalaga, nr. 48/2003, sbr. a- lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Þegar lagt er mat á það hver frestur sóknaraðila hafi verið til að bera fyrir sig gallann lítur nefndin til þess að í málinu þykir sýnt að í bifreiðina hafi vantað tiltekinn hluta eins íhlutar frá upphafi, en sýnt þykir að sá hluti eldsneytismótstöðunnar sem um ræðir sé þess eðlis að ekki slitni eða gangi úr sér. Þvert á móti virðist mega ætla umræddri málmstöng langan endingartíma. Einnig er til þess að líta að bifreiðin var fjögurra ára gömul og ekin um 65.000 kílómetra. Mat Úrskurðarnefndarinnar er því að frestur sóknaraðila til að bera gallann fyrir sig hafi ekki verið á enda, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, nr. 48/2003. Af þessu leiðir að varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila 135.938 krónur sem hann greiddi vegna viðgerðarinnar.

Ekki liggur annað fyrir en að þeir langbogar sem deilt er um í málinu séu meðal þess búnaðar sem bifreiðin hafði við sölu, en um er að ræða hluta af ytra byrði bifreiðarinnar sem hefur samkvæmt því sem fyrir liggur verið byrjað að tærast um eða áður en bifreiðin varð fjögurra ára. Úrskurðarnefndin telur að tæring af þessu tagi, sem til kemur innan þessara tímamarka, geti falið í sér galla í skilningi neytendakaupalaga, nr. 48/2003, sbr. einkum b- lið 2. mgr. 15. gr., sbr. a- lið 1. mgr. 16. gr. laganna. Að teknu tilliti til þess að ekki hefur verið sýnt fram á né byggt á því að ákoma hafi orðið á langbogana verður litið svo á að tæring hafi orðið innan frá vegna veikleika í efni eða meðhöndlun þess í öndverðu. Telur nefndin því að um sé að ræða galla í skilningi framangreindra ákvæða laganna.

Nefndin telur að frestur til að bera fyrir sig galla vegna tæringar í ytra byrði bifreiða geti verið lengri en tvö ár, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, nr. 48/2003. Það er jafnframt mat nefndarinnar að atvik máls séu með þeim hætti að sóknaraðili hafi borið umræddan galla fyrir sig í tíma. Varnaraðila beri því ekki aðeins að standa straum af efniskaupum heldur einnig ísetningu.

## V.

### Úrskurðarorð

Fallist er á kröfu sóknaraðila um að varnaraðili endurgreiði honum reikning nr. 98422, að fjárhæð 135.938 krónur og að varnaraðila beri að standa straum af kostnaði við að endurnýja langboga.

Linda Ramdani

Skúli K. Skúlason

Jóhann Fannar Guðjónsson